



Drög lögð fram í velferðarráði 4. september 2019

Drög lögð fram að nýju í velferðarráði 16. september 2019

DRÖG að Gjaldskrá fyrir heimþjónustu í Reykjavík

Á grundvelli 29 gr.laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.40/1991 og 25.gr.laga um málefni aldraðra nr.125/1999.

1.gr. Greiðslur

Notandi heimþjónustu sem fær þjónustu vegna þrifa á heimili sínu greiðir kr. ~~1.235~~ 1.265 fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma. Gjaldið er endurskoðað árlega.

Önnur félagsleg heimþjónusta, þ.e. umönnunarþjónusta á dagvinnutíma og kvöld- og helgarþjónusta er endurgjaldslaus.

2.gr. Undanþága frá greiðslu / lækkun greiðslu

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði TR eða þar undir. Árið 2019 er framfærsluviðmiðið kr. 310.800 fyrir þá sem búa einir og eru með heimilisuppbót og kr. 248.105 fyrir þá sem búa með öðrum.

Upphæðir munu hækka í samræmi við hækkanir á bótum almannatrygginga.

Þeir notendur heimþjónustu sem hafa tekjur umfram tekjur frá TR eða samsvarandi fjárhæð, greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

Þjónusta umfram 6 vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

3.gr. Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu

Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu á greiðslu notenda heimþjónustu er tekin af starfsmanni þjónustumiðstöðva og skal lögð fyrir fund matshóps til afgreiðslu.

4.gr. Málskot

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimþjónustu má skjóta til velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en 4 vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun velferðarráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Skal það gert eigi síðar en 4 vikum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

5.gr. Gildistaka

Samþykkt í borgarstjórn xx

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2020.